

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Skjálfandafljóts.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skjálfandafljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða, sem eiga land að vatnakerfi Skjálfandafljóts samkvæmt 3. gr., sbr. skrá um lögbýli aftan við 14. gr.

3. gr.

Félagssvæðið skiptist í tvær deildir þannig:

A. deild: Aðaldælahreppur, Ljósavatnshreppur og Reykdælahreppur neðan fossa við Þingey.

B. deild: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Hálsahreppur og Reykdælahreppur ofan fossa við Þingey.

4. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með fiskrækt og gerð fiskvega. Félagið tekur ekki til veiði í stöðuvötnum á félagssvæðinu, þó afrennsli hafi til Skjálfandafljóts, nema ábúendur og/eða eigendur viðkomandi jarða óski þess sérstaklega.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þrír og fjórir stjórnarmenn vera til skiptis af hvoru deildarsvæði eitt ár í senn. Kýs hvor deild sína fulltrúa á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl: Tveir eftir eitt ár, tveir eftir tvö ár, og ræður hlutkesti fyrst, þrír eftir þrjú ár og síðan eftir starfstíma í stjórninni. Stjórnin skiptir með sér verkum til eins árs í senn.

Varamenn skulu kosnir eftir sömu reglum og aðalmenn. Kjósa skal tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn þannig, að annar endurskoðandi gengur út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, ef ekki hamla sérstök forföll, nema um jafnmörg ár og hann hefur áður starfað.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda, sem ekki varða deildirnar sérstaklega. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, sem aðalfundur úrskurðar.

7. gr.

Aðalfund félagsins skal halda í febrúar—marz ár hvert, á undan deildafundum. Skal hann boðaður með auglýsingu í Ríkisútvarpi tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

Félagsmaður getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldri en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfssemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga, og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur ákveður fjárframlög til sameiginlegrar starfsemi félagsins og annast skiptingu þeirra á milli deilda, með þeim takmörkunum, sem samþykkt þessi setur.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

9. gr.

Afskipti af ófriðun sels og selveiðum á félagssvæðinu eru óheimil, án leyfis viðkomandi landeiganda.

10. gr.

Sérmál deilda samkvæmt 3. gr. skulu vera:

- a) Ráðstöfun veiðiréttar og umráð veiðiaðferða.
- b) Fjárreiður deilda og önnur mál, sem deildir telja æskilegt eða nauðsynlegt að sinna sérstaklega.
- c) Aðild að fiskvegagerð, sem og öll önnur meiriháttar fjárframlög deilda vegna sameiginlegrar starfsemi félagsins, skulu háð samþykki deildafunda. Deildir greiði gjöld til félagsins sbr. 7. gr.

Stjórnir deilda skulu skipaðar þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundum þeirra til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á hliðstæðan hátt og fyrir er mælt í 5. gr. Þá skulu einnig kosnir tveir endurskoðendur til þriggja ára í senn.

Aðalfundur deilda skulu haldnir í marz—apríl ár hvert. Þeir ákvarða fjárframlög samkvæmt b lið þessarar greinar og taka afstöðu til fjárframlaga, sem kunna að koma til álita samkv. 7. gr.

Deildarstjórnir skipta kostnaði á deildarmenn vegna starfsemi deildar og fjárframlaga hennar til sameiginlegrar starfsemi félagsins sbr. 7. gr. Um stjórnun og starfshætti deildar fer að öðru leyti samkvæmt 5.—8. gr., eftir því sem við á.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði í hvorri deild skal skipt niður á deildarmenn í samræmi við arðskrá samkvæmt 27. gr. laga um lax og silungsveiði. Deildarmenn greiði gjöld til deilda sinna í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Þar til arðskrá hefur verið samín, skal hluti af veiðitekjum deildarinnar renna í deildarsjóð, samkvæmt nánari ákvörðun deildarfundar.

12. gr.

Öll veiði, er samþykkt þessi nær til, er óheimil á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi deildarstjórna sbr. 10. gr. a. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

Forkaupsrétt að veiðileyfi hafa deildarmenn, og mega þeir ráðstafa leyfi til annarra, ef svo ber undir.

Takmörkun veiðiaðferða og veiðitíma umfram ákvæði laga um lax- og silungsveiði eru á hvoru deildarsvæði háð samþykki aðalfundar viðkomandi deildar.

Stangveiði má aðeins leigja til eins árs í senn, nema lögmætur aðalfundur deildar ákveði annað, og aðalfundur félagsins samþykki.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema samkvæmt reglum, sem settar eru í VIII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Skrá um lögbýli, sem land eiga að Skjálfandafljóti og þverám þess.

Bárðardalur:

Mýri, Bólstaður I, Bólstaður II, Halldórsstaðir I, Halldórsstaðir II, Litluvellir, Stóruvellir I, Stóruvellir II, Hlíðskógar, Sandhaugar, Hlíðarendi I, Hlíðarendi II, Vesturhlíð, Lækjavellir, Eyjadalsá, Hvarf, Svartárkot, Víðiker, Stóratunga I, Stóratunga II, Rauðafell, Bjarnarstaðir, Lundarbrekka I, Lundarbrekka II, Lundarbrekka III, Lundarbrekka IV, Sandvík, Sunnuhvoll Hrappsstaðir, Jarlsstaðir, Arnarstaðir, Kálfborgará, Einbúi, Arndísarstaðir, Lyngholt, Úlfsbær.

Ljósavatnshreppur:

Rauðá, Fosshóll, Öxará, Ljósavatn, Hrifla I, Hrifla II, Holtakot, Fremstafell I, Fremstafell II, Barnafell, Kross I, Kross II, Landamótssel, Borgartún, Lækjamót II, Lækjamót II, Fellsendi, Árland, Fellssel, Yztafell I, Yztafell II, Yztafell III, Hólsgerði, Kamsstaðir, Birningsstaðir Hóll, Hnjúkur, Garðshorn, Kvíaból, Ófeigsstaðir I, Ófeigsstaðir II, Rangá, Engihlíð, Þóroddsstaður I, Þóroddsstaður II, Staðarholt, Geirbjarnarstaðir, Syðri-Skál, Ytri-Skál, Granastaðir I, Granastaðir II, Ártún, Árteigur, Nípá, Björg, Vatnsendi, Arnstapi, Stóru-Tjarnir, Litlu-Tjarnir, Birkihlíð.

Reykðælahreppur:

Heiðarbraut, Ingjaldsstaðir, Fljótsbakki, Glaumbæjarsel, Þingeyjarland, Fosssel, Jaðar, Einarsstaðir, Vað I, Vað II.

Aðaldælahreppur:

Jódísarstaðir, Bergsstaðir, Skriða I, Skriða II, Skriðuland, Skriðusel, Húsabakki, Garður I, Garður II, Hellnasel, Hraunkot I, Hraunkot II, Berg, Sandur I, Sandur II, Sandur III, Hjarðarból.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. júlí 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.